



Reykjavík 10.02.2023

**Dýraverndarsamband Íslands hvetur sveitarfélög til að koma villtum fuglum til aðstoðar.**

Þessi vetur hefur reynst villtum fuglum sérlega erfiður, en frosthörkur hafa verið óvenjulega miklar og langvarandi. Fjöldi fugla hefur drepist vegna þess að þeir hafa ekki komist í fæðu og margir þeirra glíma nú við máttleysi sökum hungurs og kulda.

Á höfuðborgarsvæðinu eru grágæsir sérlega illa staddar því þær eru háðar fóðurgjöfum þegar jarðbönn eru slík að þær geta ekki komist í beit á túnnum og grasflötum. Öfugt við endur og álftrir ná þær ekki í fæðu í fjöruna og grunnsævið. Gæsirnar er sérstakur stofn, svokallaðar Reykjavíkurgæsir, sem halda sig allt árið á höfuðborgarsvæðinu og leggjast ekki í far öfugt við gæsir annars staðar (flestar grágæsir fara til Bretlands og Írlands). Þessi stofn varð til eftir miðja síðustu öld og eru nú um 1000 fullorðnir fuglar í honum (upplýsingar fengnar frá Ólafi Karli Nielsen formanni Fuglaverndar og Arnóri Sigfússyni fuglafræðingi).

Dýraverndarsamband Íslands vill hvetja öll sveitarfélög að koma villtum fuglum og öðrum dýrum sem nú eru í neyð vegna veðráttunnar til hjálpar með fóðurgjöf þar til hlýnar.

Minnt er á 7 gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013, þar sem segir um hjálparskyldu:

*Þeim sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti ber skv. lögum að veita því umönnun eftir föngum. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að gripið sé til aðgerða sé um hálfvillt eða villt dýr að ræða.*

Með von um jákvæð viðbrögð,

Dýraverndarsamband Íslands